

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 — 1981

26. júní 1981

23

Nr. 4

AUGLÝSING

um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Hinn 13. janúar 1981 var undirrituð í Reykjavík niðurstaða viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landstjórnar Færeyja um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna. Með ályktun 24. febrúar 1981 staðfesti Alþingi niðurstöðuna.

Niðurstaðan er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. júní 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

VIÐRÆÐUR

**um gagnkvæmar heimildir til
kolmunnaveiða.**

Dagana 12. og 13. janúar 1981 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um gagnkvæman rétt til fiskveiða og varð niðurstaðan sú að veita gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja og efnahagslögsögu Íslands á árinu 1981. Heimild þessi nær einnig til tilraunaveiða skips er bæði veiðir aflann og vinnur hann um borð. Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verður haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun fylgt því fyrirkomulagi og reglum sem ákveðið var í viðræðum um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru 10. janúar 1979.

Reykjavík, 13. janúar 1981.

Staðfest:

Ólafur Jóhannesson
Steingrímur Hermannsson

SAMRÁÐINGAR

**um sínamillum rættindi til
svartkjaftaveiðu.**

Í dögum 12. og 13. janúar 1981 fóru samráðingar fram í Reykjavík millum umboð fyrri Íslendsku Stjórnina og Föroya Landsstýri um sínamillum fiskiveiðurættindi og varð niðurstöðan at veita sínamillum rættindi at veiða 20 000 tons af svartkjafti innan sjóðki Föroya og búskaparðki Íslands í árinu 1981. Hesi rættindi umfata eisini royndarveiðu við skipi, sum bæði fiskar og viðger veiðuna umborð. Um nærri fyriskipanir fyri hesa veiðu verður samband millum íslenska fiskimálaráðið og Föroya Landsstýri. Í aðrar mátar verður fylgt teimum fyrirskipanum og reglum, sum vórðu ásettar í samráðingum um sínamillum fiskiveiðurættindi föroyinga og íslendinga, sum undirritaðar vórðu 10. janúar 1979.

Reykjavík, 13. janúar 1981.

Staðfest:

Pauli Ellefsen
Olaf Olsen

C 4

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.